

fjármögnun fíkniefnakaupa hans, en hann keypti ytra óvenjulega sterk og hættuleg fíkniefni, m.a. 226 stykki af LSD.

Eftir er að yfirheyra Jóhann mun ítarlegar og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og loks með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr.laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu um gæsluvarðhald yfir Jóhanni. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt til mánudagsins 17. desember 1984, kl. 11.23 að telja.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jóhann Davíð Richardsson, fæddur 11.11. 1964, til heimilis að Hagamel 37, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 11.23 mánudaginn 17. desember 1984 að telja.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 221/1984. **Guðjón F. Teitsson**

gegn

**Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins**

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m., sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinum kærða frávisunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Fallast ber á með héraðsdómara, að málatilbúnaði sóknaraðilja sé svo áfátt, að staðfesta megi hinn kærða frávisunardóm.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðjón F. Teitsson, greiði varnaraðilja Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. október 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 17. október sl., höfðaði Guðjón F. Teitsson, nnr. 2932-7491, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, gegn Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nnr. 6088-9406, Laugavegi 114, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. maí 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að dæmt verði, að eftirlaun hans frá upphafi, þ.e. 1. nóvember 1975, miðist við launakjör skipstjóra á skipum ríkisins í hæsta launaflokki og byggt verði á meðalmismuni þess, að nefnd laun skipstjóra voru við upphaf eftirlaunatöku stefnanda 54.53% hærri en tilsvareandi viðmiðunarlaun stefnanda, en eru nú frá 1. apríl 1984 43.75% hærri, en stefnandi telur meðalmismun þennan á tímabilinu nema 49.14%. Stefnandi kveður fjárkröfu sína með vöxtum, vaxtavöxtum og verðbótum samkvæmt byggingarvísitölu nema kr. 1.525.108.00 miðað við 1. apríl 1984. Hann krefst þess, að af þessari fjárhæð verði honum dæmdir frá 1. apríl 1984 5% vextir og ennfremur verðbætur eftir því sem byggingarvísitala kann að hækka úr 46.483 stigum frá sama tíma hvort tveggja til greiðsludags.

Stefnandi kveður fjárkröfu sína vera byggða á 84% réttindum, sem stefndi hafi reiknað sér frá upphafi, en kveðst óska þess, að úrskurðað verði, hvort honum beri ekki 88% réttindi, a.m.k. frá gildistöku laga nr. 98/1980.

Stefnandi gerir tvær varakröfur og tvær þrautavarakröfur. Fyrri varakrafa hans er sú, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 45 tíma á mánuði, kr. 1.396.619.00, en síðari varakrafa, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 40 tíma á mánuði, kr. 1.241.439.00.

Fyrri þrautavarakrafa stefnanda er sú, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 25.7 tíma á mánuði, kr. 797.625.00, og síðari þrautavarakrafa, að hann fái dæmdar bætur fyrir ómælda yfirvinnu 20 tíma á mánuði, kr. 620.720.00.

Stefnandi kveður varakröfur og þrautavarakröfur vera miðaðar við 1. apríl 1984 og krefst þess, að frá þeim tíma til loka málsins verði reiknað með 5% vöxtum og verðbótum eftir því sem vísitala byggingarkostnaðar kann að hækka úr 46,483 stigum til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, og til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Stefndi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Munnlegur flutningur um frávísunarkröfu stefnda fór fram 17. október sl.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að kröfugerð stefnanda væri óljós, vanreifud og ódómtæk. Kröfugerðin væri að hluta til þannig úr garði gerð, að verið væri að leita áhlits dómsins, þ.e. um það, hvort eftirlaunaréttindi stefnanda ættu ekki að miðast við 88% af kaupum hans í stað 84%.

Ekki komi fram, á hvaða málsástæðum stefnandi byggði dómkröfur sínar utan eina tilvitnun í lagagrein, sem stefndi telur á misskilningi byggða. Í sóknarskjölum stefnanda sé hver aðiljaskýrslan á fætur annari og sömuleiðis hafi þau að geyma skriflegan málflytning stefnanda. Mörg framlagðra skjala séu þýðingarlaus fyrir málið. Málatilbúnaður stefnanda sé allur andstæður reglum einkamálalaganna um skýran og ljósan málatilbúnað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að kröfugerð hans sé skýr, skilmerkileg og sanngjörn. Það sé því hótfyndni af hálfu stefnda að krefjast frávísunar málsins. Óhjákvæmilegt hafi verið að leggja fram dóm skjöl nr. 6-17 til þess að sýna fram á, hve mikla vinnu stefnandi hafi lagt í þetta mál, og rökstyðja þannig málskostnaðarkröfu. Erfitt hafi verið að afla gagna frá stefnda, t.d. hafi aðeins eitt svarbréf borist frá fjármálaráðuneytinu við ítrekuðum bréfaskrifum stefnanda.

### *Niðurstaða*

Þótt aðalkrafa stefnanda nái til ákveðins árafjölda og sé miðuð við laun skipstjóra á ákveðinni stærð skipa, þá skortir í stefnu eða greinargerð reikningslega útfærslu bæði á launum stefnanda fyrir hvert ár, sem aðalkrafa nær til, og eins á þeim launum, sem miðað er við, þannig að glöggst sjáist, hver hinn raunverulegi munur er, í stað útreikninga, sem byggja á meðaltali mismunar launa í nóvember 1976 og apríl 1984.

Þá skortir, að í stefnu sé sundurliðun á aðalkröfunni í höfuðstól, vexti og verðbætur.

Þá ber að athuga, að stefna í málinu er að verulegu leyti aðiljaskýrsla stefnanda og skriflegur málflytningur. Sama máli gegnir um mörg þeirra

skjala, sem lögð hafa verið fram, en þau hafa og að geyma efni, sem lítt eða ekki kemur við kröfugerð stefnanda.

Tilgreining málsástæðna stefnanda fyrir aðalkröfu er harla óljós og sundurlaus. Engar haldbærar upplýsingar er t.d. að finna um það, hvaða eftirlaun eru greidd af launum þeirra skipstjóra, sem stefnandi miðar aðalkröfu sína við. Krafa stefnanda um, að úrskurðað verði, hvort hann eigi ekki rétt á, að lífeyrir hans sé miðaður við 88% af launum í stað 84%, a.m.k. frá gildistöku laga nr. 98/1980, er ódómtæk, eins og hún er sett fram.

Þá eru málsástæður og lagarök fyrir varakröfum og þrautavarakröfum stefnanda tæpast tilgreindar í nokkru.

Skortir þannig á, að málatilbúnaður stefnanda sé skýr og glöggur, og þegar framangreint er virt, þykir óhjákvæmilegt samkvæmt ákvæðum c, d og e liðar 88. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. nóvember 1984.

Nr. 85/1982. **Páll A. Pálsson**

(Garðar Garðarsson hdl.)

gegn

**Sjálfsseignarfélaginu**

**Dýraspítala Watsons og**

**Erik Ramskov Garbus**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Dýralæknar. Stjórnsýsla. Umsögn um leyfisumsókn.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddson og Sigurður Línadal prófessor.